

Fundur í skólaráði 09.10.2020

Mætt til fundar í skóla: Hanna Dóra og Lára, stjórnendur
Sara G. og Trostan, fulltrúar kennara,
Sif fulltrúi starfsfólks,
Kristinn og Lydía, fulltrúar nemendar,
í fjarfundi Laufey Haralds, og Gunnhildur Gísla fulltrúar foreldra,
Ragnhildur Jóns fulltrúi grenndarsamfélags.

Hanna Dóra bauð fundarmenn velkomna og kynnti fundarmenn.

Tilfærsla starfsdags frá 14. október til 4. febrúar.

- Vegna Covid-ástands gengur ekki að starfsmenn fari í skólaheimsóknir eins og ætlun var á þessum starfsdegi. Von er til að hægt sé að fara í slíkar heimsóknir síðar á skólaárinu. Því er óskað eftir við skólaráð að færa daginn til. Það er samþykkt.

Starfsáætlun lögð fram.

- Hafði áður verið send til nefndarmanna. Hanna Dóra kynnti vinnu við samræmdar reglur sem verið er að vinna í Skagafirði um leyfisveitingar nemenda. Kaflinn í starfsáætlun um þetta er eins og fyrri ár en verður lagfærður þegar samræmdar reglur taka gildi.
- Nemendur skólans eru nú 100.
- Samráðsdagur fór fram í fjarfundi vegna Covid-ástands. Foreldrafulltrúar ánægðir með þetta. Fulltrúar nemenda líka sáttir við þetta fyrirkomulag. Nú í ár tóku í fleiri tilfellum báðir foreldrar þátt þrátt fyrir að vera á ólíkum stöðum. Starfsmenn ánægðir og tala um að fyrirkomulagið hafi verið skilvirkara og tímamörk héldu sér betur.
- Skólareglur - í september var tækjalaus mánuður. Fulltrúi nemenda (LE) nefndi að nemendur hefðu fundið mun á samskiptum, taldi að sumum hefði fundist þetta gott. Nemendur töluðu meira saman. Unnið verður áfram með þetta í nemendaráði og teknar ákvarðanir um notkun tækja í skólanum í framhaldi. Fulltrúi foreldra (LH) nefndi að umræða um tækjanotkun væri nú á öðru plani en áður, fólk talar ekki lengur um mannréttindi og símanotkun í sömu andrá.
- Starfsáætlun samþykkt.

Önnur mál:

- Fulltrúi nemanda, (KÖG) kom með hugmynd um að veikir nemendur gætu haft samband við skólann og kennara í gegnum tæknina og unnið sér í hagin heima. Fundarmenn telja þetta góða hugmynd. Hanna Dóra nefndi einnig að tæknin gæti nýst okkur í óverðum og ófærð. Fulltrúi foreldra, (GG) foreldra tók undir það.
- Fulltrúi foreldra (LH) spyr um undirbúning ef til lokunar skólans komi vegna Covid. Hanna Dóra svaraði því til að við hefðum reynslu frá vorinu vegna þess konar vinnubragða. Starfsmenn eru meðvitaður um ýmsa möguleika á framkvæmd skólastarfs ef skólinn þarf að loka.
- Breytt vinnulag í skólanum núna vegna takmarkanna felst aðaðlega í að skammta í mótuneyti, nemendur þvo og spritta oft á dag, svo og starfsmenn. Allar ráðleggingar frá ráðamönnum eru á þá leið að halda skólastarfi sem hefðbundnustu. Skólinn er eitt sóttvarnarhólf sem stendur og verði honum skipt upp í hólf kemur til einhverrar

skerðingar á starfinu. Gestakomur hafa verið takmarkaðar og viðeigandi hlífðarbúnaður s.s. grímur og hanskar eru í boði.

- Stefnt að næsta fundi í lok nóvember. 27. nóv. kl. 9.15

Lára Gunndís ritaði fundargerð.